


Fréttabréf Garðasæls

Maí 2021



Umferðardagar

Dagana 3. – 7. maí eru umferðardagar í Garðaseli en þá verður lögð áhersla á að ræða við börnin um hjól og hjálmanotkun ásamt því hvernig við notum gangbrautirnar og gangbrautarljósin. Allt eru þetta atriði sem skipta miklu máli í öryggi barnanna í umhverfinu og því hvetjum við foreldra til að taka þátt í þessari fræðslu með börnum sínum og vera góðar fyrirmyndir.

Hjóladagar verða árgangaskiptir í maí. Þá rýmum við bílastæðið og börnin mega koma með hjólin sín og **hjálm**a (mikilvægt að muna eftir þeim 😊). **Dagsetningar hjóladaga verða auglýstir síðar.**

Á hjóli í skólann

Nú fer sumarið og góða veðrið að koma og þá notum við hjólin okkar meira. Ef börn koma á hjólum í leikskólann eru foreldrar beðnir að geyma þau fyrir framan leikskólann en ekki inni á leikskólalóðinni. Hjól, sem eru geymd fyrir framan leikskólann, eru á ábyrgð foreldra, en fylgst er með þeim eins og kostur er.



Heilsuskokkið

Miðvikudaginn 12. maí kl: 9.30 verður síðara heilsuskokk skólaársins en það höfum við tengt Alþjóðadegi hreyfingar. Farið verður á íþróttasvæðið að Jaðarsbökkum og skokkað þar saman. Allir þátttakendur fá viðurkenningu í lokin og ávaxtabita til að endurnýja orkuna. Þennan dag væri gott að börnin kæmu í eða hefðu með sér **íþróttaskó** sem gott er að hlaupa í.



Útskriftarferð elstu barna

Elstu börnin fara í Skátaskálann í Skorradal **fimmtudaginn 27. maí** og eyða þar saman skemmtilegum degi með kennurum sínum. Lagt er af stað kl: 9.00 og komið heim síðdegis um kl: 18.00. Nánara skipulag á ferðinni sjálfri munu foreldrar og börn fá þegar nær dregur.



Útskrift elstu barna

Ráðgert ert er að hafa útskrift elstu barnanna **fimmtudaginn 10. júní** og vonandi verður hægt að hafa hátíð með foreldrum og börnum og fagna þessum tímamótum. Nánari upplýsingar koma síðar frá Víkinni 😊

Lambaferð að Bjartheyjarsandi

verður **þriðjudaginn 18. maí** en þá förum við í heimsókn til ábúenda að Bjartheyjarsandi, skoðum nýfædd lömb og njótum sveitasælu. Við eigum heimsókn frá kl: 9.30 -12.00 og frekara skipulag verður ákveðið þegar nær dregur.



Vonandi munu næstu sóttvarnarreglur vegna COVID heimila þessa yndislegu sveitaheimsókn en nýjar reglur taka gildi 5. maí.

Vorskólinn í Brekkubæjarskóla

Vegna COVID og sóttvarna þurfti að fresta Vorskólanum í Brekkubæjarskóla en hann hefur verið settur á dagana 10. og 11. maí og svo 14. maí kl: 9.00-11.00 alla dagana. Þau börn, sem fara í Brekkubæjarskóla í haust, sækja þennan Vorskóla með kennara frá Víkinni.



Starfsmannahald

Sigrún Margrét Halldórsdóttir, aðstoðarmatráður, hefur sagt upp störfum vegna flutnings til Búðardals og verður staðan hennar auglýst fljótlega en Heiðrún Hannesdóttir hefur gengt því starfi undanfarið ár.

Þá hefur Sigurást Árnadóttir ákveðið að segja stöðu sinni lausri og halda áfram í námi. Breki Berg Guðmundsson sótti um leyfi í ár og var það leyfi veitt.

Til starfa að nýju koma **Freyja Hrönn Sveinbjörnsdóttir**, proskapjálfi og **Kristín Releena Jónasdóttir**, sem mun ljúka meistaranámi sínu á skólaárinu 2021 -2022.

Anna Guðbjörg Lárusdóttir, kennari á Vík, mun halda áfram í starfi í Garðaseli en hún var í launalausú leyfi frá Grundaskóla á þessu skólaári.

Sumarafleysingar

Í sumar verða Sigríður Ylfa Arnadóttir, Arnar Már Kárasón og Dagný Haukssdóttir í afleysingum í Garðaseli – allt starfsfólk sem þekkir okkur vel og verður gott að fá það í hópinn aftur. Þá mun Stefanía Berg vera okkur innanhandar eftir samkomlagi í maí en hún hefur hjálpað okkur að manna undirbúningstíma á Holti í apríl.

**Garðasel lokar vegna
sumarleyfa
föstudaginn 2. júlí kl: 12.00.**

**Opnum aftur þriðjudaginn 3.
ágúst kl: 12.00**

